AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Hálsahverfi, Bæjarháls 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. ágúst 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Hálsahverfi, Bæjarháls 1 lóð Orkuveitu Reykjavíkur.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Ártúnshöfði eystri, Stórhöfði 22-40.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. ágúst 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Ártúnshöfða eystri, Stórhöfða 22-40.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Bryggjuhverfi, Naustabryggja 35-53.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. ágúst 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Bryggjuhverfi, Naustabryggju 35-53.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 26. ágúst 2003.

Helga Bragadóttir,

skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo: Til 31. janúar 2004 eru veiðar með fiskibotnvörpu heimilar á svæði samkvæmt 1. gr. togbátum sem eru 26 metrar að mestu lengd eða styttri, enda séu vörpur þeirra búnar legggglugga í samræmi við ákvæði 4. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. september 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. ágúst 2003.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Þórður Eyþórsson.